

STJÓRNARFUNDUR SSNV HALDINN Í EYVINDARSTOFU, BLÖNDUÓSI FÖSTUDAGINN 24. MAÍ 2013 KL 13:30

Föstudaginn 24. maí 2013 kom stjórn SSNV saman til fundar í Eyvindarstofu á Blönduósi. Mætt voru. Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Hanna Þrúður Þórðardóttir Leó Örn Þorleifsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Smári Ólafsson frá Strætó bs. var í símasambandi undir liðum 2 a. og 2.b. Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Lögð fram til kynningar.

2. **Almenningssamgöngur**

a. **Niðurstaða verðkönnunar vegna aukins aksturs í Skagafirði.** SÓ kynnti niðurstöðu verðkönnunar sem framkvæmd var vegna tengiaksturs við leið 57 til Hóla í Hjaltadal og Hofsóss. Lögð fram minnisblöð VSÓ ráðgjafar og Strætó bs um niðurstöður verðkönnunarinnar. Tilboð bárust frá þremur þátttakendum og hafa verið yfirfarin af VSÓ Ráðgjöf m.t.t. mismunandi pöntunarhlutfalls og reyndist tilboð Hóþferðabíla Skagafjarðar vera hagstæðast. Stefnt er að því að semja við verktakann um akstur á leiðinni Hofsós – Hólar – Sauðárkrókur – Hólar – Hofsós í tengslum við leið 57 tvær ferðir á dag, þrjá daga vikunnar og mun SSNV ákveða hvaða daga leiðin verður ekin. Aðrir bjóðendur voru Einar B. Pétursson og Suðurleiðir ehf. *Stjórn SSNV samþykkir að fela Strætó bs að ganga til samninga við lægstbjóðanda um akstur leiðarinnar samkvæmt skilmálum verðkönnunarinnar. Jafnframt samþykkir stjórnin að akstur hefjist eigi síðar en 15. September 2013 þegar vetraráætlun Strætó bs. Tekur gildi. Frá og með 15 september getur leiðin verið orðin hluti af öllum upplýsingum Strætó bs. (leitarvélum, þjónustuveri sem og öðrum upplýsingum) og þá getur Strætó bs. séð um að reka leiðina sem pöntunarþjónustuleið.*

b. **Framlenging samninga við akstursaðila vegna Hvammstangavegar (leið 83) og Skagastrandarvegar (leið 84).**

A) Lögð fram drög að samningi við Húnavirki ehf kt 520483-0399 um framlengingu gildandi samninga um akstur leiðar 83 samkvæmt heimildarákvæði 4. gr. gildandi samnings.

B) Lögð fram drög að samningi við Heiðar kr ehf kt 690605-3760 um framlengingu gildandi samninga um akstur leiðar 84 samkvæmt heimildarákvæði 4. Gr. gildandi samnings.

Báðir samningar verða framlendir til eins árs frá frá 13. september 2013 til 13. september 2014.

Stjórn SSNV samþykkir framlengingu framangreindra samninga og felur framkvæmdastjóra undirritun.

c. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, með síðari breytingum.** Lögð fram drög að umsögn lögfræðings Sambandsins um málið. *Stjórn SSNV leggur þunga áherslu á að án tafar verði gerðar þær lagabreytingar sem til þarf til þess að tryggja einkaleyfi landshlutasamtaka sveitarfélaga á almenningssamgöngnum.*

3. **Rekstaryfirlit SSNV og SSNV atvinnuþróunar jan-apríl 2013.** Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.

4. **Yfirlit um þróun starfa á vegum ríkisins á Norðurlandi vestra 2013.**

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit um þróun starfa á vegum ríkisins á Norðurlandi vestra. Um er að ræða árlega könnun sem starfsmenn SSNV atvinnuþróunar framkvæma í marsmánuði ár hvert. Niðurstöðurnar benda til þess að störfum á vegum ríkisins á Norðurlandi vestra haldi áfram að fækka. Framkvæmdastjóra falið að birta niðurstöðurnar



þegar unnið hefur verið úr þeim.

5. Fundargerðir og bréf

- a. **Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands frá 18. apríl 2013.** Lögð fram til kynningar.
- b. **Stýrinets ráðuneyta um gerð sóknaráætlana landshluta frá 16. apríl 2013.**Lögð fram til kynningar.
- c. **Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 19. Apríl 2013.** Lögð fram til kynningar.
- d. **Stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 30. Apríl 2013.** Lögð fram til kynningar.
- e. **Stjórnar Eypings frá**
 - 1.19. janúar 2013.** Lögð fram til kynningar.
 - 2.12. febrúar 2013.** Lögð fram til kynningar.
 - 3.20. febrúar 2013.** Lögð fram til kynningar.
 - 4.19. apríl 2013.** Lögð fram til kynningar.
- f. **Bréf umhverfis og auðlindaráðuneytisins dags 21. Maí 2013.** Í bréfinu eru sveitarfélög og landshlutasamtök hvött til þess að vekja sérstaka athygli á degi íslenskrar náttúru þann 16. September 2013

6. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 14:30 Jón Óskar Pétursson fundarritari